



# Umhverfisstefna

## **Stefna:**

Það er stefna bæjarstjórnar að Hveragerðisbær skipi sér í fremstu röð sveitarfélaga á Íslandi á sviði umhverfismála. Bæjarstjórn vill tryggja að Hveragerðisbær verði skilað til komandi kynslóða í jafngóðu eða betra ástandi á sviði umhverfismála en áður var.

## **Markmið:**

Bæjarstjórn lítur á umhverfismál sem tækifæri til framtíðar og á græna ímynd bæjarins sem auðlind sem byggir á framtaki íbúa, einstæðum náttúrumyndunum og nálægðinni við ósnortna náttúru.

Umhverfisstarf þarf að vera eðlilegur hluti af starfi allra starfsmanna hjá sveitarfélagini og liður í pólitískum ákvörðunum. Með orðum og gjörðum verði umhverfismálum sinnt með þeim hætti að sómi sé að. Sjálfbærni er lykilordið í umhverfsstefnu bæjarins og áhersla verður lögð á að auka meðvitund um hana og um gildi náttúru og umhverfis.

Í samvinnu við fyrirtæki og íbúa vill bæjarstjórn auka þekkingu og virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Stuðlað verði að góðri umgengni og sjálfbærri nýtingu allra auðlinda og unnið gegn hvers konar mengun og umhverfisspjöllum

## **Hvers vegna:**

Hveragerðisbær er stærsti vinnuveitandi bæjarins og hefur sem slíkur skyldum að gegna gagnvart náttúru og umhverfi.

Úrbætur í umhverfismálum auka lífsgæði. Hreint loft, hreint vatn og fallegt umhverfi eykur lífsgæði bæjarbúa og bætir heilsu. Með því að tengja náttúru og opin svæði betur við íbúðahverfi og auka möguleika á umhverfisvænum samgöngum er hvatt til umhverfisvænni lífsstíls.

Bæjarstjórn leggur áherslu á að allt verði gert til að auka og bæta lífsgæði bæjarbúa og gesta bæjarins með það að markmiði að mannlíf í bænum verði eins gott og mögulegt er.

## **Leiðir að markmiðum:**

- Fylgt verði lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál sem eiga við um starfsemi Hveragerðisbæjar.
- Pekking verði sótt til þeirra sem fremstir eru á sviði umhverfismála.
- Pekking og kunnátta barna og ungmenna á sviði sjálfbærni og umhverfismála verði styrkt.
- Allir bæjarbúar verði hvattir til að láta sig umhverfið varða.
- Lögð verði áhersla á umhverfismál í öllum samningum og stefnumörkunum á vegum bæjarins.
- Þegar í stað verði hafinn undirbúningur að umhverfisvottun bæjarfélagsins.



# Umhverfisstefna

- Þeir staðir verði kortlagðir þar sem úrbóta er þörf á sviði umhverfismála.
- Dregið verði úr sóun verðmæta og enn frekara átak gert í sorpflokkun, endurvinnslu og endurnýtingu.
- Notkun umhverfisvænna vara verði aukin og að reynt verði að nýta sem mest af vörum úr nánasta umhverfi.
- Unnið verði að úrbótum, þar sem þeirra er þörf, í fráveitu og vatnsveitu og leitast við að nýta náttúrulegar leiðir í þeim eftum. Stemma skal stigu við sóun á vatni og rafmagni.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar

11. október 2012

Aldís Hafsteinsdóttir  
Bæjarstjóri.